

Fjöldi listamanna frá öllum Norðurlöndum sýnir verk á norrænum veflistarþríæringi




■ SKÚLPTUR 81x179x70 sm. Eftir Seppo Manninen frá Finnlandi.



■ SAMAN 240x180 sm. Eftir Ragnhild Monsen frá Noregi.

Veflist á Kjarvalsstöðum

Fimmti norræni veflistarþríæringurinn opnar á Kjarvalsstöðum næstkomandi laugardag, þann 6. janúar. Þetta er yfirgripsmikil sýning því 64 listamenn frá öllum Norðurlöndunum sýna 81 verk og eru báðir salir Kjarvalsstaða, gangar og forsalir lagðir undir. Hönnuður sýningarinnar er finnski arkitektinn Hannele Grönlund. Af Íslands hálfu eiga textíllistamennirnir Guðrún Gunnarsdóttir, Anna Þóra Karlsdóttir, Guðrún Marínósdóttir og Ína Salóme verk á sýningunni að þessu sinni. Að loknum sýningartíma á Kjarvalsstöðum þann 22. janúar opnar þríæringurinn í Þórshöfn í Færeyjum, síðan í Óðinsvéum í Danmörku, þar næst í Osló, svo í Stokkhólmi og Gautaborg í Svíþjóð og norræna veflistarþríæringnum 1989 lýkur svo í Helsinki í Finnlandi í byrjun janúar 1990.



Morgunblaðið/Sverrir

■ Textíllistamennirnir Guðrún Gunnarsdóttir og Anna Þóra Karlsdóttir ásamt Hannele Grönlund við eitt verkanna á sýningunni ÞRJÁR SÚLUR eftir norsku listakonuna Gertrud Hals.

Gunnar Kvaran listráðunautur á Kjarvalsstöðum sagði að þríæringnum væri ætlað að gefa yfirlit um það helsta sem væri að gerast í norrænni textíllist þessi misserin. „Þríæringurinn á að sýna hvernig textíllistin hefur breyst og hvernig listamennirnir hafa tileinkað sér ný efni og nýja tækni. Að öðru leyti er ekki hægt að tala um „sér-norræna“ textíllist, því listamennirnir eru frjálsir og óbundnir og leita víða fanga eftir efnum að vinna úr og hugmyndum að vinna með. Þá eru tengsl við málverk og skúlptúr augljós í verkum margra listamannanna á sýningunni,“ sagði Gunnar Kvaran listráðunautur Reykjavíkurborgar.

Listamiðstöðin í Sveaborg

Norræni veflistarþríæringurinn hefur verið haldinn reglulega síðan 1974 og er umsjón og framkvæmd þríæringsins nú í fyrsta sinn í höndum safnstjórnar norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg í Finnlandi. Auk fulltrúa listamiðstöðvarinnar var dómnefnd sú sem valdi verk á sýninguna skipuð einum listamanni frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands í dómnefnd að þessu sinni var Ragna Róbertsdóttir. Þá voru í dómnefnd fulltrúi Kulturhuset í Stokkhólmi og ritari þríæringsins.

Alls bárust um 600 verk til dómnefndar þríæringsins og voru valin úr þeim mikla fjölda 81 verk til sýningar. Þetta fyrirkomulag við framkvæmd þríæringsins er nýjung því til þessa hefur þríæringurinn verið alfarið í höndum listamannanna sjálfra; þeir hafa skipað dómnefnd úr sínum röðum og vinnuhópar í hverju landi séð um framkvæmd og uppsetningu sýningarinnar og notið fjárhagslegs stuðnings Norræna menningarsjóðsins og annarra opinberra aðila. Að sögn þeirra þriggja viðmælenda Morgunblaðsins sem rætt var við á Kjarvalsstöðum fyrr í vikunni, Önnu Þóru Karlsdóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Hannele Grönlund, stafar þessi skipulagsbreyting á þríæringnum af því að hann er nú styrktur beint af fastri fjárhagsáætlun Norræna menningarsjóðsins. Við þessa breytingu hefur öll umsjón og skipulag þríæringsins færst yfir á Norrænu listamiðstöðina í Sveaborg. „Úr því að Norræni menningarsjóðurinn fjármagnar þríæringinn er eðlilegt að sjóðstjórnin vilji að umsjónin færist í hendur einhvers samnorræns aðila,“ sagði Anna Þóra Karlsdóttir. Hún bætti því við að annars sé sýningin með svipuðum hætti og tíðkast hafi til þessa. „Nýju stjórnendurnir ákváðu að gera ekki of miklar breytingar að þessu sinni heldur nota tækifærið og læra af þessu og koma síðan með breytingar seinna ef þörf verður talin á því,“ sagði Anna Þóra.

Finnskur arkitekt hannar sýninguna

Hannele Grönlund er finnskur